



Minnisblað – Flugvöllurinn Siglufirði, niðurstaða starfshóps

Málsnúmer:	2112032	Dags:	28.02.2022	Fjöldi bls.	3
Viðtakandi:	Bæjarráð Fjallabyggðar				
Dreifing:	Bæjarráð og aðrir er málið varðar				
Samið af:	Starfshópi um úrvinnslu innsendra hugmynda				

Yfirferð innsendra hugmynda og tillaga starfshóps til bæjarráðs um næstu skref

Tilurð minnisblaðs.

Á fundi bæjarráðs Fjallabyggðar 17. desember 2021 var bærstjóra heimilað að auglýsa fyrir hönd sveitarfélagsins eftir samstarfsaðilum til að þróa hugmyndir um nýtingu fasteigna á flugvallarsvæðinu á þann hátt að svæðið geti orðið öflug stoð undir atvinnulíf í sveitarfélaginu. Bókað var að tillögur eða hugmyndir sem myndu berast, skyldu lagðar fyrir bæjarráð til ákvörðunar um frekari meðferð og afgreiðslu.

Í minnisblaði bærstjóra til bæjarráðs sem lá til grundvallar ofangreindri heimild segir m.a:

Af hálfu undirritaðs er hér með lagt til að Fjallabyggð auglýsi með almennum hætti eftir samstarfsaðila/um til að þróa Siglufjarðarflugvöll og svæðið í kringum völlinn, þ.e. flugbrautina, flughlað, mannvirki ásamt landsvæði við flugvöllinn, á þann hátt að svæðið geti orðið öflug stoð undir atvinnulíf í sveitarfélaginu.

Auglýsing var birt opinberlega 22. desember 2021 þar sem verkefnið var kynnt, þ.e. að þróa hugmyndir um nýtingu flugvallarsvæðisins á Siglufirði með það að leiðarljósi að þar geti orðið öflug atvinnustarfsemi til framtíðar. Var frestur gefinn til 24. janúar 2022 fyrir áhugasama að skila inn útfærðum hugmyndum um framtíðarnýtingu fasteigna í eigu sveitarfélagsins á svæðinu og framtíðarþróun flugvallarsvæðisins.

Á fundi bæjarráðs 9. febrúar 2022 voru lagðar fram innsendar hugmyndir sem bárust í kjölfar auglýsingarinnar, sem beindi til bærstjórnar tillögu um að skipa starfshóp til að fara yfir innsendar hugmyndir. Það gerði bærstjórn fundi sínum 11. febrúar 2022 og skipaði Tómas A. Einarsson og Jón V. Baldursson í starfshóp ásamt bærstjóra til að fara yfir framkomnar hugmyndir um framtíðar nýtingu flugvallarsvæðisins á Siglufirði. Skyldi starfshópurinn leggja tillögu um næstu skref fyrir bæjarráð.

Eftirfarandi var fært til bókar á fundi bærstjórnar:

Inngangur: *Lögð er fram eftirfarandi bókun bæjarráðs frá 728. fundi ráðsins. Bæjarráð samþykkir að beina því til bærstjórnar að skipaður verði starfshópur tveggja kjörinna fulltrúa úr meiri- og minnihluta, sem ásamt bærstjóra yfirfari innsendar hugmyndir og leggi tillögu um næstu skref fyrir bæjarráð eigi síðar en í lok febrúar.*

Niðurstaða: *Bærstjórn samþykkir samhljóða að skipa Tómas A. Einarsson og Jón V. Baldursson í starfshóp sem ásamt bærstjóra fari yfir innkomnar hugmyndir um framtíðarnýtingu flugvallarsvæðisins á Siglufirði í samræmi við bókun bæjarráðs.*

Forsendur verkefnis

Verkefni þessu er ýtt úr vör af hálfu Fjallabyggðar með það að leiðarljósi að á flugvallarsvæðinu geti orðið öflug atvinnustarfsemi til framtíðar, líkt og fram kom í auglýsingu sveitarfélagsins eftir hugmyndum.

Við yfirferð er horft til þess hversu vel innsendar tillögur og hugmyndir mæta þessum forsendum verkefnisins og nánari forsendum sem birtast í minnisblaði bæjarstjóra á fundi bæjarstjórnar 17. desember sl. Þar birtast m.a. þær forsendur að sú starfsemi sem þróuð verði á svæðinu taki mið af því að hægt verði að halda Siglufjarðarflugvelli áfram opnum sem landingarstað og nýting fáist fyrir húsbyggingar og önnur mannvirki á staðnum og sveitarfélagið hafi af þeim tekjur. Enn fremur að sveitarfélagið verði ekki í forsvari fyrir þróun eða fjármögnun verkefnis og fjárhagsleg áhætta sveitarsjóðs af þróunarstarfi verði í lágmarki. Þá er við yfirferð horft til framtíðarsýnar sem birtist í hugmyndum og reynt að meta líkur á að til takist að koma á laggirnar starfsemi sem hafi burði til framtíðar.

Innsendar hugmyndir.

Sveitarfélaginu bárust tvær hugmyndir innan skilafrest en ein tillaga kom að loknum fresti, tvær af þessum tillögum, þ.m.t. sú sem barst of seint, snúa að uppbyggingu tengdri verslun og þjónustu en ein tillaga sneri að því að nýta svæðið undir íbúðabyggingu fremur en atvinnusvæði.

1. Hugsum til framtíðar, Haraldur Marteinnsson og Kristín Halldórsdóttir.

Í hugmyndinni er sett fram áhugaverð framtíðarsýn hvar lagt er til að flugvallarsvæðið og svæði austur af vellinum verði þróað sem íbúðabygging með veltengingu yfir á Leirutanga. Einnig eru settar fram hugmyndir um íbúðir á „*gamla malarvellinum*“, útvíkkun núverandi atvinnusvæðis á Leirutanga og þörf á atvinnuátaki í bæjarfélaginu.

Ljóst er að hugmyndin, hvað varðar uppbyggingu íbúðabyggingar á og við flugvöllinn, fellur ekki að gildandi aðalskipulagi, stefnu sveitarfélagsins er varðar að flugvöllurinn sé og verði til notkunar a.m.k. sem landingarstaður, né að vilja þeim er settur var fram í auglýsingu þar sem óskað er hugmynda „*um nýtingu flugvallarsvæðisins á Siglufirði með það að leiðarljósi að þar geti orðið öflug atvinnustarfsemi til framtíðar*“. Vert er þó að geta þess að umrædd hugmynd kemur út af fyrir sig ekki í veg fyrir nýtingu fasteigna við flugvöll til snyrtilegrar atvinnustarfsemi en hún lokar á hugmyndir sem snúast um samþætta nýtingu fasteigna og flugvallar/landingarstaðar.

Umsögn: Tillagan er ekki í samræmi við þær forsendur sem lagt var upp með um þróun atvinnuuppbyggingar og nýtingu mannvirkja á svæðinu. Með hliðsjón af því er lagt til að ekki verði frekar unnið með tillöguna að sinni.

2. Náttúruböð, sjóböð og tengd starfsemi, Björt Ólafsdóttir f.h. fasteignapróunarfélagsins Iðu ehf.

Hugmynd sú sem hér verður lýst barst eftir að frestur til að senda inn hugmyndir rann út, þ.e. 31. janúar en frestur til að skila inn hugmyndum var til 24. janúar.

Hugmyndin gerir ráð fyrir þróun og umbreytingu svæðisins í náttúruböð með tengingu við grunnsævið í enda fjarðarins, sjósund og heilsueflingu. Lagðir eru m.a. til heitir pottar, seltuböð, lág útilaug í grunnsævinu og samspili við lögum og náttúru svæðisins og aðlaðandi aðstöðu fyrir sjósundiðkun. Einnig að gert verði ráð fyrir tengdri þjónustu eins og veitingasölu. Ekki er að finna skýrar hugmyndir um nýtingu tengda flugvellingnum sjálfum eða flugtengdri starfsemi. Iða ehf. tilgreinir samstarfsaðila og að fyrir hendi séu tengingar við áhugasama fjárfesta í ferðaþjónustu.

Umsögn:

Tillagan felur í meginatriðum í sér þróun bað- og heilsutengdrar starfsemi þar sem reynt yrði að skapa einstaka og aðlaðandi upplifun gesta, bæði ferðamanna og heimafólks árið um kring. Tillagan ber með sér að vera á frumstigi og sett fram sem slík og þarfnast ítarlegri útfærslu eigi að fjalla um hana nánar. Ekki er að finna skýrar tillögur að því hvernig móta eigi flugtengda starfsemi á svæðinu. Lagt er til að ekki verði frekar unnið með tillöguna að sinni.

3. Airport Fjallabyggð, Steve Lewis f.h. The Empire Expeditions ehf. ofl.

Innsend tillaga er viðamikil og ítarleg. Tillagan gerir ráð fyrir blandaðri starfsemi tengdri ferðaþjónustu þar sem verði að finna útibaðsvæði við sjóinn, veitingasölu sem höfði til ólíkra markhópa, endurbyggingu flugvallaraðstöðu fyrir léttu flugumferð og uppbyggingu gistirekstur af hóflegum skala.

Tillagan er ítarlega rökstudd og henni fylgja uppdrættir og kynningar sem gera grein fyrir sýn tillöguhöfunda að þróun starfsemi á svæðinu. Gert er ráð fyrir að nokkrir grunnþættir skapi starfsemi á svæðinu sem stutt geti hvern annan, en hver um sig verið all nokkur að umfangi. Í tillögunni er að finna útfærslur á nýtingu húsakosts sem fyrir hendi er auk frekari bygginga og uppbyggingar á svæðinu og raunhæf áform um að nýta flugvöllinn áfram fyrir léttu flugumferð. Grein er gerð fyrir því hvernig tillöguhöfundar telja að fjármagna megi verkefnið. Lögð er niður áfangaskipt tímalína um hvernig og í hvaða þrepum uppbygging geti átt sér stað.

Umsögn:

Tillagan mætir vel þeim hugmyndum sem lagt var upp með í upphafi og kynntar voru, að byggja skuli upp atvinnustarfsemi á svæðinu og ná fram markmiðum um nýtingu fasteigna sveitarfélagsins á svæðinu. Ennfremur er að finna upplýsingar um fjármögnun, verk og tímaáætlanir. Nái áformin fram að ganga er um að ræða sannfærandi tillögu um þróun varanlegrar starfsemi á flugvallarsvæðinu. Af þeim tillögum sem bærust er það mat starfshópsins að tillagan mæti best þeim forsendum og óskum sem sveitarfélagið óskað eftir að lagðar yrðu til grundvallar í hugmyndavinnu um framtíðarþróun flugvallarsvæðisins á Siglufirði.

Niðurstaða starfshóps.

Byggt á ofangreindu þá leggur starfshópurinn til við bæjarráð að bæjarstjóra verði falið að hefja formlegar viðræður við þá aðila sem standa að baki hugmynd 3, þ.e. Airport Fjallabyggð, um framtíðaruppbyggingu á flugvallarsvæðinu á Siglufirði.

28.02 2022

Elías Pétursson bæjarstjóri
Tómas A Einarsson, bæjarfulltrúi
Jón V. Baldursson, bæjarfulltrúi